



## Skilyrði til að öðlast viðurkenningu á grunnnámskeiði í hundauppeldi sbr. gildandi gjaldskrár fyrir hundahald á svæði Heilbrigðiseftirlits Suðurlands

### *Umsókn um viðurkenningu*

Hundaskólinn sækir skriflega um viðurkenningu til heilbrigðiseftirlitsins. Til þess að erindið fái afgreiðslu þarf að leggja eftirtalin gögn fram:

1. Staðfesting á menntun leiðbeinenda um að þeir hafi lokið leiðbeinandanámi í hlýðniþjálfun hunda.
2. Lýsing á uppbyggingu grunn- eða hlýðninámskeiðs sem í boði er, bæði bóklegt og verklegt, þ.m.t. fjöldi nemenda í hverju námskeiði.
3. Sýnishorn af prófum, (lágmark 3 próf).
4. Lýsing á aðstöðu til kennslu bæði inni og úti ásamt starfsleyfi sbr. hollustuháttareglugerð nr. 941/2002

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur samráð við heilbrigðiseftirlitin á höfuðborgarsvæðinu um að meta og afgreiða umsóknir.

### *Uppbygging námskeiða*

Námskeiðið þarf að vera lágmark 20 kennslustundir (45 mínútur hver kennslustund), sem skiptist í bóklegt og verklegt nám. Miða skal við að kenndar séu að lágmarki átta bóklegar kennslustundir.

Bóklegu námi skal ljúka með prófi. Lágmarks einkunn 7,0 þarf til að uppfylla skilyrði þessi. Lágmark 10 spurningar skulu vera úr gildandi samþykkt fyrir hundahald í viðkomandi sveitarfélagi\*.

Bóklega námið þarf að taka til eftirfarandi þátta:

1. Samþykkt um hundahald í sveitarfélaginu
2. Ábyrgð hundaeiganda og dýravernd.
3. Umhverfi og mótun hunda.
4. Eðli og atferli hunda og mismunar á einstaka hundakynjum.
5. Tjáningar hunda.
6. Þroskaskeiðs hundsins.
7. Umhirðu og fóðrun.

\*Heimilt er að prófa einungis úr tölulíð 1 og 2

Verklega námið þarf að taka til eftirfarandi þátta:

1. Standa, sitja og liggja kyrr.
2. Ganga við fót í taumi.
3. Innkall.



### *Prófskírteini og árangur nemenda.*

Heimild til afsláttar á eftirlitsgjöldum fær sá sem sótt hefur námskeið og er nafn hans og hundsins skráð á viðurkenningarskjal skólans í samræmi við gildandi gjaldskrá sveitarfélaganna vegna hundahalds. Á skjalinu skal jafnframt koma fram tímasetning námskeiðs, námskeiðssókn og lágmarks einkunn 7,0 í skriflegu prófi. Jafnframt þarf hundurinn að hlýða þeim skipunum sem æfðar eru í verklegum hluta námskeiðsins.

*Samþykkt á 208. fundi Heilbrigðisnefndar Suðurlands 13. nóvember 2020*

F.h. Heilbrigðisnefndar Suðurlands,

---

Sigrún Guðmundsdóttir  
framkvæmdastjóri